



LEIÐBEININGAR UM LAGNINGU Á VIÐARGÓLFI ÁN LÍMS

LESIÐ ÞESSAR LEIÐBEININGAR VANDLEGA ÁÐUR EN ÞIÐ LEGGIÐ GÓLFEFNIÐ.

EF EKKI ER FARIÐ EFTIR LEIÐBEININGUNUM Í ÞESSUM BÆKLINGI ER ÚTKOMAN EKKI Á ÁBYRGÐ SELJANDA!

Áriðandi!

Viðargólfefnið verður að geyma lárétt á þurrum stað og á flötum grunni. Gólfefnið má ekki geyma í lóðrétttri stöðu, upp á rönd eða láta það hvíla upp að öðrum hlutum. **Gólfefnið verður að hafa verið geymt í óopnuðum umbúðum í 48 tíma við um það bil 18°C herbergishita áður en það er lagt.** Fyrir og á meðan á lögn gólfefnisins stendur, verður umhverfishiti að hafa verið að minnsta kosti 18°C. Gólfefnið skal leggja sem fljótandi gólf, þ.e. borðin má festa varanlega við undirgólfið en þau mega alls ekki vera fest við lóðrétt hluta byggingarinnar. Í nýbyggingum skal lagning gólfefnis fara fram við lok frágangs. Allri annarri vinnu við uppsetningar/frágang skal vera lokið og húsnæðið skal vera orðið þurrt (ef samsetning eininga krefst þess má koma dyrabúnaði fyrir eftir lagningu á gólfefni).

Undirgólf (mynd 4)

Tilbúin viðargólfefni má leggja á ýmsa harða fleti, þar með talið: steypu, anhýdrít, gömul viðargólf, keramikflísar, PVC osfrv. Mjúk gólfefni, svo sem allar gerðir af teppum, þarf að fjarlægja. Undirgólfið skal vera slétt, flatt og þurrt, og ekki vera með neina hluti sem hægt er að færa (engar flísar). Ójöfnur í gólfinu mega ekki vera umfram +/-3 mm á hverja 2 m. Meiri ójöfnur þarf að jafna með lagningu á viðeigandi afréttingarlagi. Grunna þarf undirgólf sem hafa ekki nægjanlegan þéttleika eða eru rykug. Ef leggja á viðargólfefni ofan á annað viðargólf, þarf að leggja plöturnar þvert á fyrri gólfborð.

Allar gerðir undirgólfa, steypa, viður, keramikflísar o.s.frv., þurfa að vera þurr í samræmi við eftirfarandi:

Viðargrunnur	skal vera með um 8% rakainnihald þegar hlutfallslegur loftraki er 50% og hitastigið 20-23°C
Steypt undirlag	rakainnihald CM < 2%
Gifsundirlag	hámarks rakainnihald < 0,5CM% (kjörgildi < 0,3CM%). (%CM = raki mældur með karbíð aðferð).

Áður en viðargólfið er lagt, þarf að mæla og skrá rakastig undirgólfsins.

Til þess að rakaverja viðargólf, þarf að þekja undirgólf með 0,20 mm þykku polplasti, láta renningana skarast um 200 mm, og líma þá síðan saman með límband. Polplastið þarf að ná upp á veggina sem svarar hæð góflistanna. Plast sem stendur útundan má auðveldlega fjarlægja þegar góflistarnir eru settir á. Millilag, svo sem Ekofloor borð, korkmottur, gólfpappír, hljóðdúkur (2-3 mm þykkt og lágmarksþyngd 30 kg/m³) skal leggja sem hljóðeinangrun. Þessi efni skal leggja þétt saman eða eins og framleiðandi þeirra mælir með (**mynd 4**).

Hiti í gólfum

Lagning viðargólfa á gólf með gólfhitun er tilvalin lausn og sameinar glæsileika og virkni. Tilbúið gólfefni getur enst í mörg ár ef grunnreglur eru virtar:

- Hámarkshitastig gólfsins má ekki fara yfir 27°C. Það á einnig við um svæði undir húsgögnum og teppum.
- Framleiðandi mælir með því að leggja viðargólf ofan á vatnsgólfhitakerfi, en það má einnig leggja það ofan á rafmagnsgólfhitakerfi svo framarlega að kerfið bjóði upp á nákvæma stýringu yfirborðshita og hægt sé að takmarka hitann.
- Bygging undirgólfsins ætti að vera með dreifingarlagi sem tryggir jafnt hitastig yfir allt undirgólfið, svo hægt sé að forðast staðbundin háhitasvæði.
- Það má ekki leggja viðargólf samfelt á undirgólf ef aðeins hluti þess er með hitakerfi. Þessi svæði parketsins verður að aðskilja með þenslubílum. Undirgólf með innbyggðum hitunarkerfum ætti að leggja samkvæmt leiðbeiningum framleiðenda. Áður en lagning gólfefnis hefst ætti að fara fram hitaprófun og vottorð því til staðfestingar gefið út. Einnig ætti sá sem er ábyrgur fyrir uppsetningu gólfhitakerfisins að staðfesta að rakaskilyrði séu uppfyllt (sjá kafla um undirgólf).

Athugið!

Parket með efsta slitlagi úr beyki, hlyn, jatoba, badi eða tali ætti ekki að leggja þar sem gólfhiti er.

ATHUGASEMD 1:

Til að ná betri hitun má líma parketið við undirgólfið. Lagning gólfefnisins með límingu skal einungis vera gert af fagmanni.

ATHUGASEMD 2:

Þar sem rakastigið sveiflast talsvert í viðarborðunum og yfirborði gólfsins og vegna lágs loftraka við yfirborð gólfsins er ómögulegt að hindra það að rifur myndist á milli parketborðanna. Það að rifur myndist milli parketborða er ekki galli, en til að lágmarka rifurnar er mælt með því að:

- Velja/leggja borð með kerfissamskeytum (límlausum), í stað borða sem þarf að líma niður.
- Ef um er að ræða hefðbundið parket með gróp (sem þarf að líma), ætti að setja límið bæði neðst og efst í grópina.
- Velja/leggja þriggja stafa gólfborð í stað plankaborða. Þannig má forðast uppbyggingu rifa sem gætu myndast vegna aukins hita á því lagi gólfsins sem er notað.

Verkfæri og fylgihlutir (mynd 1)

Til að ná fram þeim árangri sem óskað er eftir, er mælt með notkun á eftirfarandi verkfærum: fleygum, handblokk, stuðningsfleygum, hand- eða rafmagnssög, blýanti, málbandi, vinkli, sporjárn, hamri og bor.

Undirbúningur fyrir lögn

Lega parketborðanna skyldi vera í samræmi við stefnu aðalljósgjafa (**mynd 2**). Í löngum og þröngum herbergjum (t.d. göngum), ætti að leggja parketborðin eftir herberginu endilöngu. Hvort sem gólfið er lagt fljótandi eða límandi í herbergjum sem eru 6 metrar að lengd/breidd, ætti alltaf að vera u.þ.b. 10 mm bil

(penslubil) milli ytri brúna gólfsins og fastra hluta í byggingunni (veggir, hurðir, þröskuldar, rör o.s.frv.). Í stærri rýmum skal taka eftirfarandi með í reikninginn:

- að víkka bilið (penslubil) um 1,5 mm fyrir hvern metra gólfsins
- gólfum í rýmum sem eru meira en 100 m² og/eða 10 m í lengd og/eða breidd ætti að skipta með penslubilum (mynd 3) og bilin vera hulin með viðeigandi listum.
- Ef um er að ræða gólf sem nær yfir nokkur herbergi, ætti að skipta gólfinu með penslubilum, þröskuldum o.s.frv. Það sama á við um rými sem hafa eftirfarandi lögun: L, H, T, F eða U.

Herbergið ætti að mæla áður en gólfefnið er lagt. Það getur verið nauðsynlegt að breyta breidd fyrstu eða síðustu raðarinnar (eða beggja).

Athugið!

Minnsta mögulega breidd borðsins er 5 cm. Byrjið að leggja gólfefnið frá vegg með hurð. Munið að leggja gólfefnið þannig að það sé fljótandi. Ef grunnurinn er með föstum búnaði, s.s. hurðastoppara, er nauðsynlegt að hafa penslubil (sjá op í kringum rör **mynd 15**).

Lögn

Mynd 5

Byrjið að leggja parketið frá vinstra horni herbergisins og látið neðri brún borðsins snúa fram í herbergið. Munið eftir bilum milli veggisins og annarra hluta byggingar.

Mynd 6

Setjið annað borð undir 20° horni inn í gróp styttri endans og ýtið því síðan létt niður. Ef þú finnur fyrir mótstöðu þegar þú færir borðið niður, máttu ekki beita afli. Athuga skal hvort óhreinindi, s.s. viðaragnir eða sandkorn, geti verið í grópinni. Endurtakið á þennan hátt þar til fyrstu röð er lokið. Sagið síðasta borðið þannig að penslubil milli veggjar og gólfefnis haldist. Athugið hvort langhliðarnar eru í beinni línu. Síðasta borðið á að vera að minnsta kosti 30 cm langt. Ef svo er ekki, sagið þá fyrsta borðið í viðeigandi lengd.

Myndir 7, 8 og 9

Næstu röð skal byrja með borðinu sem eftir er frá fyrstu röðinni. Gætið þess að það sé að minnsta kosti 50 cm langt. Ef það nær ekki þeirri lengd, skal saga nýtt borð til helminga. Gangið úr skugga um að fjarlægðin milli styttri enda borða sé alltaf að minnsta kosti 40 cm. Setjið borðið inn í gróp langhliðarinnar undir 20° horni. Færið borðið að og lækkið það samtímis. Setjið því næst fleyg undir hægri hlið borðsins og takið tillit til lögunar þess, þannig að ytri brún borðsins sé um 2 cm frá gólfinu. Merkið brún borðsins með línu á yfirborði fleygsins til þess að hjálpa við lagningu frekari borða.

Mynd 10

Bætið öðru borði við enda fyrra borðsins undir 20° horni og eins nálægt langhlið borðsins fyrir ofan og mögulegt er.

Myndir 11, 12

Sláid á langhliðar borðanna með léttu höggi með því að nota handblokk (til þess að forðast skemmdir á samskeytum og gróp má ekki nota hamar til þess!) ATHUGIÐ: það má ekki beita afli til að ýta á borðin, þau ættu að smella saman. Færið fleyginn undir hið nýlagða borð og endurtakið þessa aðferð þar til lögn raðarinnar er lokið. Fjarlægið loks fleyginn og þrýstið endilangri röðinni inn.

Myndir 13, 14

Ef veggurinn sem byrjað er frá er óreglulegur, ætti að fjarlægja fleygana, færa gólfefnið nær veggnum og draga nákvæma útlínu veggisins á fyrstu borðaröðina (ráðlegt er að nota blýant sem er staðsettur í fastri fjarlægð frá veggnum. Nota má rim með áföstum blýanti). Þegar línurnar eru teiknaðar skal tekið mið af því að breidd fyrstu og síðustu borðaraða skal vera að minnsta kosti 50 mm.

Takið í sundur flekann sem settur hafði verið saman. Þegar gólfefnið er tekið í sundur skal það alltaf gert öfugt við það hvernig það var sett saman. Aðskiljið þá borðaröð sem síðast var bætt við með því að taka í framhlið hennar og lyfta henni og, á sama tíma, ýta og slá á hana án þess að beita afli á samskeytin.

Endarnir skulu teknir í sundur með því að lyfta hægri enda síðasta borðsins og færa það til hægri. Sagið borðin í fyrstu röðinni samkvæmt áteiknaðri útlínu veggisins og setjið borðin saman á ný. Setjið fleygana á milli gólfefnis og veggs aftur á sinn stað.

Mynd 15

Þvermál opa fyrir rör skal vera 20 mm stærra en þvermál rörsins.

Mynd 16

Síðasta röðin með hurð. Leggið fyrst undirlagið og afsagaða búta af parketborðum til að mæla nákvæmlega hæð gólfsins. Sagið næst í burtu neðri enda hurðarinnar. Í þessu tilfelli skulu borðin vera lögð hornrétt (annað hvort hlið eða endi). Fjarlægið mótaða lásinn úr gróp hliðar eða enda með því að nota sporjárn (**mynd 18a**), setjið lím í grópina og ýtið á borðin. Þegar um enda borða er að ræða skal vernda brúnirnar með því að nota höggblokk og slá létt á hana með hamri (**mynd 18d**).

Myndir 17a, b, c og d

Síðasta röðin án hurðar. Sagið viðeigandi hluta af borði. Takið tillit til lágmarksbreiddar borðsins og viðeigandi bils frá vegg. Setjið alla röðina saman og setjið síðan saman við gólfefnið sem þegar hefur verið lagt.

Myndir 18a-e

Síðasta röðin í löngum herbergjum. Í þessu tilfelli er hægt að leggja hvert borð fyrir sig. Fjarlægið með gætni mótaða lásinn úr grópinni á enda borðsins og setjið lím. Setjið annað borð við hlið fyrri borðsins með minnsta mögulega bili. Setjið endana saman með því að slá á höggblokk með hamri án þess að beita of miklu afli. Klárið með því að setja fjarlægðarfleyga. Fjarlægið fleygana eftir að límið hefur þornað.

Frágangur

Hægt er að nota gólfíð um leið og lögn er lokið; þó skal forðast að ganga þar sem lím hefur verið notað þangað til það hefur þornað. Þegar lögn er lokið, skal fjarlægja fjarlægðarfleyga og setja gólflista. Hafið í huga að gólflistarnir mega ekki þrýsta á gólfíð og þá má ekki festa við parketið.

Notkun og viðhald

Fyrirbyggjandi aðgerðir

- Nota verður mottur í anddyri. Blanda af vatni og óhreinindum ásamt mikilli notkun jafngildir því að sverfa gólfíð með sandpappír. Gangið úr skugga um:
- að mottur í anddyri fjarlægi óhreinindi og vatn og haldið þeim hreinum;
- að samsetning þeirra leyfi ísog óhreininda og vatns þannig að motturnar geri gagn.
- Haldið mottunum hreinum og skiptið um eða hreinsið reglulega.
- Notið tappa úr filti undir stólfætur og húsgögn til að vernda yfirborð gólfsins fyrir rispum. Gangið úr skugga um að tapparnir sem notaðir eru séu hannaðir til að vernda viðargólf. Tappar sem hannaðir eru til að vernda PVC dúka, skemma viðargólf.
- Látið gólfíð ekki komast í snertingu við vatn. Ef vatn hellist niður, þurrkið gólfíð samstundis.
- Hlutfallslegur raki þess herbergis þar sem verið er að leggja gólfefnið ætti að vera um 30-60% (mælt er með notkun á afkastamiklu rakakerfi).
- Á völlum þegar herbergi eru upphituð lækkar hlutfallslegur loftraki svo mikið að parketið getur ofþornað. Hægt er að varna því með því að nota rakatæki.

Lökkuð gólf

Hið geysisterka, ysta lag UV lakksins er fyrsta og mikilvægasta vörn viðargólfsins. Því skal hugsa vel um það og viðhalda því í fyrirtaks ástandi eins lengi og hægt er.

Ræsting og umhirða

Dagleg umhirða samanstendur af að ryksuga og sópa. Sérhvert viðargólf skal skúra reglulega með vel undinni moppu og viðeigandi sápum. Lakkað gólf skal þrifa með venjulegum efnum sem fást fyrir LÖKKUÐ GÓLF og farið eftir leiðbeiningum um notkun efnanna sem má sjá á umbúðum.

Olíuborin gólf

Olíuborið parket skapar einstakt og náttúrulegt umhverfi í íbúðinni þinni. Ef njóta á gólfsins lengi, þarf það góða umhirðu. Með tímanum stenst gólfíð álagið betur, því með góðri umhirðu myndast verndandi lag, sem ver gólfíð fyrir óhreinindum.

Ræsting og umhirða

Dagleg umhirða samanstendur af að ryksuga og sópa. Sérhvert viðargólf skyldi skúra reglulega með vel undinni moppu og viðeigandi sápu. Olíuborin gólf skal þrifa með venjulegum efnum fyrir OLÍUBORIN GÓLF og farið eftir leiðbeiningum um notkun efnanna (framleiðandinn mælir með hreinsunarefnum frá OSMO fyrirtækinu).

Frekari upplýsingar varðandi viðhald og ræstingu má finna á umbúðum viðeigandi efna.

Ábyrgðarkröfur

Sá sem leggur parketið ætti að grandskoða hverja plötu áður en það er lagt. Ef borð með sýnilegum göllum eru notuð, falla þau borð ekki undir ábyrgðarkröfur (ábyrgð framleiðanda nær ekki til þeirra borða). Skemmdir sem verða í flutningi verður að tilkynna birgja innan 7 daga frá afhendingu, og áður en gólfefnið er lagt. Framleiðandinn tekur ekki við umframefni.

Framleiðandinn áskilur sér allan rétt til breytinga á hönnun og/eða efnisinnihaldi vörunnar.

